

# 16. mars 2020

## Seyðisfjarðarskóli

Viðbragsáætlun vegna samkomubanns og neyðarstigs Almannaþingarinnar v.  
Covid-19

Upplýsingar til kennara, starfsfólks og foreldra.

# Viðbragðsáætlun Seyðisfjarðarskóla vegna yfirlýsingar Almannaþingarinnar um neyðarstig og samkomubann

Skilgreint neyðarteymi Seyðisfjarðarskóla:

Svandís Egilsdóttir, Þórunn Hrunn Óladóttir, Tinna Guðmundsdóttir, og A. Bryndís Skúladóttir.

Viðbragðsáætlun er í gildi hjá kaupstaðnum: Lykilstarfsmenn stofnana skilgreindir og staðgenglar þeirra.

**Það sem kemur fram í þeirri áætlun sem og þessari áætlun hér er mikilvægt að kynna sér og tileinka sér. Foreldrar, nemendur og starfsfólk skólans, allir vinna að þessu saman.**

**Samvinna, samhjálp og gildi starfsmanna: virðing, gleði, traust og vinátta er mikilvægt að allir hafi í huga - nú sem aldrei fyrr.**

Fyrirvari: Skipulag sem við kynnum í dag er umtalsverð breyting - en - gæti orðið úrelt á morgun og við í neyðarteyminu erum því samhliða að vinna að plani B.

**Ef mönnun minnar skerðist þjónusta við nemendur eðli málsins samkvæmt.**

**Undir það þurfa allir að undirbúa sig.**

**Skólastjórnendur þurfa að fá yfirsýn yfir hvernig best er að setja saman teymi á næstu vikum**

Þeir starfsmenn sem eru með eftirtalda undirliggjandi sjúkdóma sendið Svandísi línu

Sjúkdómar sem um sérstakt tillit skal taka til eru:

Hár blóðþrýstingur/hjartasjúkdómar

Sykursýki

Langvinn lungnateppa

Langvinn nýrnabilun

Krabbamein

Skert starfsemi ónæmiskerfis

Ef aðrar ástæður gætu legið að baki því að þið getið ekki mætt til vinnu vegna COVID-19 s.s.sóttkví þá látið vita.

**Foreldrar sem telja börn sín eða aðstandendur í hættu eru beðnir um að ráðfæra sig við lækni og halda sínum börnum heima ef nauðsyn krefur og upplýsa skólann. Foreldrar eru beðnir um að setja sig í samband við umsjónarkennara eða deildarstjóra á leikskóladeild eftir því sem við á.**

# Almennar ráðstafanir næstu 4 vikurnar

Reglan um 2 metra fjarlægð gildir ekki í grunn- og leikskólum en æskilegt er þó að forðast of mikla nánd og snertingu í verkefnavali og kennslu. Sérstaklega þarf að huga að þessu í skipulagningu kennslunnar. Þó skal reyna að viðhalda sem eðlilegastri starfsemi því að það veitir börnunum öryggstilfinningu og vellíðan.

- Brýna skal handþvottinn og hreinlæti áfram fyrir öllum nemendum og sjá til þess handþvottur sé reglulegur og vandaður.
- Við elstu nemendur í leikskóladeild og nemendur í grunnskóladeild þarf að ræða um samkomubann og almennar reglur sem nú eru í gildi og einnig breytt fyrirkomulag í skólanum og tilgang þess án þess að vekja óþarfa kvíða eða óhug.
- Hópar í stofu/deild mega vera 20 nemendur í einu. Okkur er gert að blanda ekki hópum saman og reyna að hafa þá eins litla og við mögulega getum og eins förum við ekki á milli hópa sjálf eða með hópana á milli rýma, nema þrífa á milli.
- Sértaeku áætlanirnar sem hér fara á eftir eiga að tryggja að fólk (nemendur og kennarar) fari ekki á milli hópa og að við samnýtum ekki rými nema í undantekningartilfellum og þá með ákveðnum takmörkunum.

- Umsjónarkennarar og deildarstjórar leikskóladeildar skoða uppröðun í stofum/á deildum fyrir þriðjudag sérstaklega og reyna að dreifa úr nemendum eins og hægt er.
- Við höldum 2 metra fjarlægð eins og hægt er milli okkar fullorðna fólksins t.d. á kaffistofunni og þegar við fundum. Kí forustan hefur gefið út ákveðin viðmið sem við biðjum alla um að kynna sér.
- Komum gesta og farandkennara er frestað.
- Góð upplýsingagjöf til foreldra er gríðarlega mikilvæg. Skólastjóri, aðstoðarskólastjórar og umsjónarkennarar/deildarstjórar þurfa allir að vera á tánum með það. **Tölvupóstur og heimasíða eru nýtt í þeim tilgangi. Við reynum að þýða gögn yfir á ensku eins og hægt er.**

# Huga þarf áfram sérstaklega að hreinlæti

- Starfsmenn hugi vel að eigin hreinlætisvenjum og vörnum (hanskar/skipta um föt við heimkomu/ handþvottur o.s.frv. ).
- ATH. Mötuneytisstarfsfólk og hreinlæti í nesti sérstaklega.
- Þrif hafa verið aukin í rýmum og á yfirborðsflötum. Vanda skal vel til verka. **Ný áætlun frá Almannavörnum skal nýtt til að fara yfir verklag.**
- Tölvur í almennu rými, þurrka af lyklaborði, mús og skjá og Ipöðum eftir notkun.
- Útloftun í rýmum c.a. á klukkutíma fresti / opna glugga í 5-10 mín til að það verði loftskipti í stofum. Umsjónarkennarar/deildarstjórar sjá um það.
- Nýjar leiðbeiningar frá Almannavörnum taka gildi strax.

# Um veikindi

- Sé starfsmaður veikur á hann að vera heima gildir kvef/almennan slappleika. Mjög mikilvægt er að HRINGJA í næsta yfirmann (aðstoðarskólastjóra) að morgni ef svo er og tilkynna um forföll.
- **Brýna skal fyrir foreldrum að senda börn ekki veik eða slöpp í skólann afar mikilvægt er að hringja snemma til að láta vita.**
- Gæta skal vel að skráningu vegna fjarveru og veikinda nemenda og starfsmanna. Umsjónarkennarar og deildarstjórar eiga að upplýsa stjórnendur ef um COVID smit er að ræða hjá nemenda eða ef fjölskylda/nemandi er settur í sóttkví. Fara skal að reglum frá Almannavarnadeild og hafa samband í síma 1700 (stjórnendur)
- **Ef umsjónarkennari/deildarstjóri/starfsmaður leikskóla er veikur má búast við að kennsla í hóp/á deild falli niður.**
- Matráður og starfsfólk mötuneytis þarf að gæta sín sérstaklega á að halda fjarlægð við nemendur og vanda þrif og hreinlæti. Þessir starfsmenn þjónusta alla nemendur.

# Um veikindi frh.

- Mæti börn slöpp eða veik í skólann (á hvaða deild sem er) á að senda þau heim, hvaða slappleiki sem það kann að vera að valdi þeim veikindum.
- Er viðkomandi þá fjarlægður frá hópnum og umsvifalaust sendur heim/sóttur af foreldri
- Um börn sem eru með skert ónæmiskerfi, samband við foreldra, fjarkennsluþörf rædd.

## Komi upp COVID-19-smit

- Við tekur samstarf neyðarteymis við heilbrigðisyfirvöld.
- Slóð nemandans/starfsmannsins rakin og samnemendur í hóp ásamt kennurum fara þá í sóttkví.
- Skoðað er hvort að öll deildin (leikskóladeild/grunnskóladeild) sé einnig sett í sóttkví
- *Skoða þarf betur hvort að við séum með fjarkennslu í sóttkví eða ekki í slíku tilfelli*



# Sértækar ráðstafanir í leikskóladeild

- Við stefnum að því að halda áfram eins hefðbundnu starfi og hægt er. Þetta er mikilvægt samfélagslegt ábyrgðarhlutverk og varðar sérstaklega vellíðan barnanna í skólanum okkar.
- **Við biðlum til foreldra um að hafa börn heima ef hægt er og stytta vistunartíma eins og fólk treystir sér til. Til að létta undir með starfsfólki.**
- Hópar eða deildir eiga ekki að blandast.
- Skoða þarf útivist/fataklega sérstaklega í því tilliti
- Engir gestakennarar/eða kennarar sem fara á milli hópa eru leyfðir.
- Gestir/foreldrar eru ekki leyfðir í húsinu, tekið á móti nemendum í fataklefanum
- Engar afleysingar verða á milli deilda, sama dag.
- Fækka leikföngum, einfalda skal starfið eins og hægt er.
- **Verði einhver starfsmaður almennt veikur eða er fjarverandi er skoðað að senda börn heim. Foreldrar þurfa að vera vakandi fyrir símtölum frá leikskólanum.**

- Við skilgreinum forgangshóp sem þolir minnst þjónustuskerðingu komi til lokana vegna manneklu. Reynt er að tryggja þessum hópi þjónustu í lengstu lög.

Börn heilbrigðisstarfsfólks njóta forgangs

Börn fólks sem vinnur í skólakerfinu njóta forgangs

Möguleg önnur tilfelli skoðuð af stjórnendum

- **Búast má við þjónustuskerðingu vegna manneklu.**

## Athygli foreldra í leikskóladeild er sérstaklega vakin á eftirfarandi:

- Við biðjum sérstaklega um að börnin séu búin að þvo hendur áður en þau koma í skólann.
- Móttaka barna er í fataklefa: foreldrar mega ekki fara inn á deildir eða ganginn fyrir framan deildir. Starfsmaður Dvergasteins fylgir börnunum inn á deild. Foreldrar á Vinaminni fari að hurðinni sem er við hurðina út í garð. Álfhólsforeldrar banka á dyrnar á Álfhól.
- Móttaka barna á Dvergasteini er í fataklefa milli 8-9, þá er starfsmaður þar til aðstoðar og til að fylgja börnunum inn. Öll börn á Dvergasteini þurfa að vera komin á þessu tímabili milli 8 og 9.
- Ef það eru margir einstaklingar til staðar í fataklefanum þurfið þið mögulega að bíða og sýna tillitssemi. Við reynum öll að hafa góða fjarlægð á milli okkar í fataklefanum.
- Áriðandi er að foreldrar láti vita fyrir klukkan 8:30 hvort nemandi mætir í leikskólann eða ef hann er í fríi þann daginn. Við minnum á Mentor í því sambandi.
- Dvergasteinn skilar nemendum úti á lóð í lok dags, foreldrar komi inn í garð til að sækja börnin bakatil, við ætlum að moka á morgun 😊
- Enn hópur (6 börn) þarf að vera heima á Álfhól og Vinaminni til skiptis næstu daga vegna hópastærðar og aðstöðu. Deildarstjóri hefur samband við foreldra vegna þess á eftir.

- Foreldrar sem fara í sóttkví hafi börnin heima.
- Nemendur sem eru slappir eða kvefaðir eiga að vera heima til að við séum öll sem best í stakk búin til að takast á við önnur veikindi.
- Ef nemendur eða fjölskyldumeðlimur smitast af COVID 19 veirunni er mikilvægt að láta skólann (aðstoðarskólastjóra) vita.
- Aðstoðarskólastjóri og/eða deildarstjórar munu gefa nánari upplýsingar um breytingar á innra starfinu á næstu dögum.
- Kaffitímar starfsfólks: Bara tveir inni á kaffistofu í einu (reyna að viðhalda 2 metra reglu).
- Aðstoðarskólastjóri fer almennt ekki inn á deildir/milli deilda.
- Enginn, hvorki starfsmenn né nemendur fara inn í eldhús.
- Starfsmaður í eldhúsi fer með matarvagnana inn á deild en skilur vagninn eftir rétt innan við dyr hverrar deildar.
- Aðstoðarskólastjóri (annar) fer tvisvar á dag og sprittar helstu almenna snertifleti skv. gátlista frá Almannavörnum

- Rætt er sérstaklega við starfsfólk í ræstingu um verklag og aukin þrif.
- Þrif á leikföngum aukin samkvæmt leiðbeiningum Almannaþingarinnar.
- Komur nemenda að morgni eru í lagi upp á fjölda fólks og nándar í fataklefanum. Komur dreifast jafnt yfir morguninn. **Vekja þarf athygli foreldra á því að þau þurfa að passa upp á að viðhalda fjarlægð í fataklefanum og mögulega bíða úti í bíl ef ef margir eru í fataklefanum að morgni. Starfsmaður Dvergasteins tekur á móti börnunum í fataklefanum.**
- Lok dags í leikskóladeildinni þarf að stýra og verkefni 16.mars hjá deildarstjórum er m.a. að gera hópa til að handstýra brottför barnanna það er útbúa hópa sem fara heim (taka mið af systkinum).
- Samkvæmt nýjustu leiðbeiningum frá KÍ á að reyna að skila börnum þegar þau eru í útivist. Þetta er nokkrum erfiðleikum bundið hjá okkur en verður reynt að skipuleggja eftir bestu getu. Hópar mega þó ekki blandast.

# Sértækar ráðstafanir í grunnskóladeild

Við stefnum að því að halda áfram skólahaldi eins og hægt er. Hér eru þó lagðar til nokkuð viðamiklar breytingar á skóladegi barnanna og vinnudegi kennara. Við reynum þó að tryggja ákveðið öryggi og að nám fari fram og jafnframt að brjóta ekki kjarasamninga. Að halda skólastarfi gangandi er mikilvægt samfélagslegt ábyrgðarhlutverk og sérstaklega mikilvægt að passa vel uppá vellíðan barnanna í skólanum okkar. Í þessu ástandi eru líka tækifæri.

Til að mæta kröfunum sem gerðar eru leggjum við stjórnendur til grundvallarbreytingu á dagsskipulaginu.

## Almennt

- Bekkir, hópar eða stig eiga ekki að blandast, hvorki í tímum, mötuneyti né frímínútum. Stundaskrár eru því ekki lengur í gildi.
- Kennarar fara ekki á milli hópa. Mikil áhrif á list- og verkgreinakennslu.
- Engar afleysingar verða á milli hópa sama daginn.
- Þegar nemendur mæta í skólann eiga þeir að fara beint upp í sína stofu.
- Umsjónarkennarar verða því að mestu með sinn hóp og aðrir kennarar verða rúllandi. Ákveðnir kennarar verða sem sagt allan daginn saman með sama hópinn eina viku í einu, en kenna ekki umfram sína tíma nema í neyðartilfalli.

- Engir gestakennarar/foreldrar/ gestir eru leyfðir að óþörfu. Hvorki Austurlandslíkan né Skólaskrifstofa munu halda úti þjónustu með heimsóknum.
- Skíðadagur fellur niður sem heill dagur fyrir alla en hægt er í samstarfi við foreldra að taka dag á skíðum.
- Skólaskemmtun frestast.
- Verði einhver starfsmaður almennt veikur er skoðað að fella niður skóladag.
- Óheimilt er að nýta verkgreinastofur, íþróttahús og sundlaugar undir rúllandi kennslu (mismunandi hópa).

Við nýtum ekki Rauða skóla undir kennslu í grunnskóladeild nema undir tónlistarkennslu og starfsemi Skólasels.

- Frímínútur og matartímar og lok dagsins breytist hjá nemendum. Skóladagur nemenda í raun styttest í um það bil 30 mínútur.

- Frímínútur verða skipulagðar af kennurum og matartími verður 30 mínútur í 1.-7.bekk. Unglingastigið fer heim í mat hefur til þess 45 mínútur á hefðbundnum tíma.
- Viðveruskyldu kennara er aflétt, það má undirbúa sig heima. Kennarar mega þá fá fartölvu heim ef þeir þurfa (gæta þarf sérstaklega vel að persónuverndinni). Skráning hjá aðstoðarskólalastjóra.
- Skólasel verður í boði fyrir 1. og 2. bekk en - skólasel lengist um hálf tíma (er frá kl 13:00).
- Stefnum að halda kennarafund á fimmtudag. Kennarar þurfa að gera ráð fyrir að skipuleggja næstu viku saman í nýjum hópum á fimmtudag/föstudag.
- Kennarar miða sína viðveru með nemendum á viku við þann heildarfjölda stunda sem þeir eiga að kenna á viku. Verkefni dagsins í dag er að setjast saman í hópum og ráðstafa þeim tíma í kennslu og útiveru með nemendum í þessari viku.
- Í eftirfarandi töflu er lagt til að verk- og listgreinakennarar séu eina viku í einu með hópnum en hitti svo annan hóp í næstu viku. Þetta er alveg til umræðu. Ef til vill er einfaldara að vera saman allan tímann.



# Grunntafla í grunnskóladeild

Hópur	Fjöldi nemenda	Kennarar /starfsmenn (Teymi)	Matartími Skólalok
1.-2.bekkur	14	Unnur Eva Tinna	Matur 11:00 Búin kl:13:00
3.-4.bekkur	13	Arna Stefán Keli	Matur 11:30 Búin kl:13:15
5.-6. bekkur	13	Guðrún Ásta Vilborg Sandra	Matur 12:00 Búin kl:13:40
7.bekkur	9	Svava Hrafnhildur	Matur 12:30 Búin kl:13:50
8.bekkur	8	Jóhanna Dagný	Heim í mat 11:40 Búin kl 14:00
9.-10.bekkur	15	Þorsteinn Þórunn	Heim í mat 11:45 Búin kl:14:10

- Verkefni dagsins 16. mars hjá þessum starfsmönnum í grunnskóladeild er að skipuleggja nemendadagana í þessari viku.
- Það má samþætta verkefni og brjóta upp kennsluna, vinna að þemaverkefni og kennarar eru hvattir til þess.
- Umsjónarkennari sér til þess að við séum að vinna að sem flestum námsþáttum sem við eigum að vera að vinna að skv. viðmiðunarstundatöflu næstu 4 vikurnar.
- Það eru tækifæri fyrir skapandi, samþætt og skemmtileg verkefni í þessu og við skulum líta á þetta sem tækifæri til að gera einmitt það sem við erum alltaf að dreyma um, henda stundaskránni ☺ og vera í meira flæði og merkingabæru námi.
- Það má láta bekkinn ákveða hvað þau vilja helst læra og gera. Útfærslan er í höndumhvers teymis og æskilegt er að kynna foreldrum helstu markmið.
- Gott væri að það væri útivistartími á hverjum degi. Hreyfingu skal skipuleggja minnst þrisvar í viku og útivist í minnst tuttugu mínútur í dag, en passa að hóparnir skarist samt ekki.

# Athygli foreldra er vakin sérstaklega á eftirfarandi

- Við biðjum ykkur að sjá til þess að börnin ykkar séu búin að þvo hendur áður en þau koma í skólann.
- Við þurfum almennt að hafa hópa aðgreinda og með ákveðnum kennurum og megum ekki samnýta rými lengur. Því höfum við útbúið nýja stundatöflu fyrir hvern hóp og nemendur munu fá kynningu á henni á morgun. Gert er ráð fyrir kennslu í skólanum að svo stöddu. Við biðjum ykkur um að skoða tímasetningar og viðbragðsáætlun sem er hér í viðhengi.
- Það getur komið upp sú staða að við þurfum að fella niður skóladag vegna veikinda eða fjarveru starfsfólks. Það getur átt við einstaka hópa, einn eða fleiri í einu eftir atvikum.
- Hefðbundin íþróttakennsla, sundkennsla og list- og verkgreinar falla niður í þeirri mynd sem við þekkjum.
- Mötuneyti verður lokað nemendum og því biðjum við nemendur í 1.-7.bekk að koma með nesti í skólann. Þau fá eftir sem áður ávexti á venjulegum tíma að morgni.
- Nemendur í 8.-10. bekk eiga að fara heim í matartímanum, þeirra matartími er á hefðbundnum tíma 11:45-12:30.
- Skólinn opnar á hefðbundnum tíma 7:50 og eru nemendur beðnir um að fara beint í sínar stofur. Kennsla hefst hjá öllum kl:8:15. Verði veikindi hjá kennara í teymi styttist skóladagur nemenda eftir atvikum.

- Frímínútur eru skipulagðar af kennurum og nemendum og nemendur þurfa að klæða sig eftir veðri.
- Skólasel er starfrækt fyrir nemendur í 1.-2. bekk frá kl 13:00-15:00.
- Skóladagur nemenda skerðist um það bil 30 mínútur á dag.
- Séu nemendur eða aðstandendur þeirra í áhættuhópi vegna COVID-19 smits biðjum við ykkur að hafa samband við umsjónarkennara eða aðstoðarskólastjóra.
- Nemendur sem eru slappir eða kvefaðir eiga að vera heima til að við séum öll sem best í stakk búin til að takast á við önnur veikindi.
- Foreldrar sem fara í sóttkví hafa börnin sín heima.
- Ef nemendur eða fjölskyldumeðlimur smitast af COVID 19 veirunni er mikilvægt að láta skólann (aðstoðarskólastjóra) vita.
- Umsjónarkennarar munu gefa nánari upplýsingar um breytingar á verkefnavali og starfið á næstu dögum.
- Gert er ráð fyrir að við séum að undirbúa okkur undir möguleikann á fjarkennslu næstu daga, komi til hennar.

## Sértækar ráðstafanir í listadeild

Við stefnum að því að halda áfram eins hefðbundnu starfi og hægt er í tónlistaskólanum. Mönnun stýrir hversu vel við getum þjónustað nemendur. Þetta er mikilvægt samfélagslegt ábyrgðarhlutverk og sérstaklega á þetta við upp á vellíðan barnanna í skólanum okkar.

- Önnur námskeið í listadeild falla niður
- List- og verkgreinakennarar kenna í rýminu sem hópurinn þeirra hefur til ráðstöfunar og allir þeirra tímar fara í að vera með einum hópi í heila viku.
- Útbúin verður ný stundaskrá fyrir tónlistakennara, tónlist er áfram kennd. Sú stundaskrá verður aðlöguð þannig að hver kennari kennir eingöngu nemendum úr einum hópi hvern dag.
- Gestakennarar koma ekki næstu vikurnar en þeir voru heldur ekki áætlaðir.
- Ekkert tónleikahald var ráðgert úr því að koma KS frestaðist.
- Hóptímar eru ekki leyfðir: samspil/tónfræði frestast.

## Sértækar ráðstafanir í félagsmiðstöð

- Félagsstarf á vegum skólans nemenda fellur niður
- Engin ráðstöfun er gerð um samkomur eða blöndun hópa. No Freeky Fridays .
- **Foreldrafélög eru beðin um að skipuleggja ekki samkomur.**

## Sértækar ráðstafanir í mötuneyti

- **Matsalur í Herðubreið lokar.** Nemendur í grunnskóladeild eru beðnir um að koma með nesti að heiman. Nemendur í ungingadeild mega fara heim.
- Kennari/starfsmaður hóps matast með nemendum í sínum hópi
- Kennarar og nemendur eftir atvikum þrífi borð eftir máltíð.
- Skömmun matar/nesti af starfsfólki

## Næstu skref: plan B fjarkennsla

### **Undirbúningur stjórnenda og kennara undir fjarkennslu næst/næstu skref er hafinn**

- Kennarar í grunnskóladeild eru beðnir um að lesa grein Ingva Hrannars á næstu dögum og kynna sér efnið sem verið er að setja á RUV og MMS
- Upplagt er að nýta eitthvað af því til að kenna nemendum á þær gáttir og á aðrar gáttir, allir nemendur á mið- og unglíngastigi þurfa að vera með netföng, umsjónarkennarar vinsamlegast skráið þau í Mentor.
- Kanna þarf stöðuna á tölvunum á heimilunum.
- Ef til fjarkennslu kemur er æskilegt að nýta forrit á borð við Zoom til að halda daglega fjarfundum/samskiptum við nemendur.
- Skoða þarf hvaða gátt við notum í tilfalli fjarkennslu
- Setja þarf Ipadana upp

# Spurningar

- Komur nemenda í grunnskóladeild: okkur sýnist vera í lagi að allir mæti á bilinu 7:50-8:15 eins og vant er. Annars þarf að handstýra þeim inn.
- Ef við lendum í sóttkví eigum við þá að halda úti fjarkennslu?
- Hversu vel eru heimilin tölvuvædd?.Ef til fjarkennslu kemur gerum við ráð fyrir tölvusamskiptum nemenda og kennara frá 5.bekk og upp úr. Ákveðnum tíma sem kennari og nemendur hittast, t.d. á Zoom. Kennarar undirbúa fjarkennslu og nefna og undirbúa þann möguleika við nemendur í þessari viku.
- Nemendur í 5.bekk og upp úr þurfa að gefa upp netföng til að geta verið sjálfbær í vinnu. Bæði nemendur og fereldrar fá upplýsingar varðandi námið þeirra.